

Nettímarit

Troðningur


8 töl 2010 - Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis:

Hvað bjóða söfnin upp á 2010 - Mail Art - N'Íceland - Húmor í myndlist

Guðbergur Bergsson - Starfslaun - Stjórnarskráin ofl

Menning & List



ICELANDIC
ART MAGAZINE




Mail Art - Hvað er það?

Mail art er skemmtilegt form sem myndlistafólk um allan heim hefur stundað um langt skeið. Mail art gengur þannig fyrir sig að listamenn handgera einstakt kort oftast í stærðinni 10 x 15 cm og senda þau á milli sín. Oft fyrir sérstakar sýningar, eða í sérstökum tilfellum og eða í sérstökum þematengdum verkefnum. Þessi leið hefur engin landamæri innan listarinnar, þ.a.e.s hún er ekki bundin neinum ismum eða stefnum. Hún er ákaflega persónuleg, því oftast en ekki lætur listamaðurinn smá skilaboð fylgja með, kveðju eða bara einhverjar heimspekilegar þælingar sem hafa kannski engan tilgang.

Undirritaður hefur tekið þátt í mörgum svona verkefnum sem sum hafa lent á sýningum hér og þar um heiminn. Þessi verk ef svo mætti kalla endurheimtast ekki. Þau lenda oftast í höndunum á einhverjum sem þú hefur ekki hugmynd um hver er, eða þú hefur ekki hugmynd hvar sé. Einu verkefni man ég sérstaklega eftir. Ég fann gömul landakort, um hundrað ára gömul, frá Afríku. Ég lagði fingur á einhvern stað á landakortinu, skrifaði handgert kort og sendi það á viðkomandi stað með pósti. Ekkert eiginlegt nafn eða heimilisfang var á kortinu. Það gerði ég með ásettu ráði því ég gerði ráð fyrir að kortið færi þannig á þvæling, væri stimplað af póstinum hér og þar og ýmsar athugasemdir skrifaðar á kortið í viðkomandi landi, héraði eða borg. Sú var líka reyndin og að endingu var kortið endursent á mig, þar sem ég hafði sett afs. og nafnið mitt með heimilisfangi. Þessi kort notaði ég síðan í eitthvert mail art verkefnið.

Í máí 2010 er fyrirhuguð sýning í Reykjanesbæ á mail art frá ýmsum löndum. Verkefnið kallast 10 x 15 og er vísun í stærð verkana, en titill verkanna verður að falla undir þemað - "Crisis with your eye". Nú þegar hafa borist þó nokkur fjöldi af verkum frá ýmsum löndum, Indlandi, Pýskalandi, Spáni, Ítalíu og fl. löndum.

Ef það eru einhverjir íslenskir listamenn sem hafa áhuga á að taka þátt í því verkefni geta þeir kíkt á heimasíðuna www.log8.com og fundið þar upplýsingar.



Troðningur vill vita !



Guðbergur Bergsson (f. 16. október 1932 í Grindavík) er íslenskur rithöfundur og þýðandi úr spænsku. Skáldsagan, Tómas Jónsson, metsölubók, sem kom út árið 1966, vakti athygli sem tímamótaverk og er oft talin fyrsta móderníska skáldsagan á íslensku. Verk hans hafa verið þýdd á búlgörsku, dönsku, eistnesku, finnsku, frönsku, litháísku, norsku, spænsku og þýsku. Guðbergur er sérlegur heiðursborgari Grindavíkur. Faðir Guðbergs starfaði sem sjómaður á veturna og trésmiður á sumrin í Grindavík þar sem Guðbergur ólst upp. Þegar Guðbergur fæddist stóð kreppan mikla yfir, og þótt að heldur hrörlegt hafi verið í Grindavík segir hann að andrúmsloftið hafi verið gott. Guðbergur vann við sjómennsku á yngri árum en útskrifaðist svo með kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1955. Því næst ferðaðist hann til Spánar þar sem hann útskrifaðist með próf í spænskum fræðum, bókmenntum og listasögu frá La Universidad de Barcelona árið 1958. Guðbergur starfaði á fyrri hluta tíunda áratugarins sem listagagnrýnandi hjá vikublaðinu Helgarpósturinn.

Árið 1992 kom út bókin Guðbergur Bergsson; metsölubók sem er eins konar viðtalsbók, og tilvísun í Tómas Jónsson, metsölubók, Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur við Guðberg. Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar, sem kom út 1997 er svo eins konar sjálfssævisaga Guðbergs.

Guðbergur hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna Svaninn árið 1991 og

fyrir skáldævisöguna Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar árið 1997. Guðbergur hlaut Norræn verðlaun sænsku bókmenntakademiunnar árið 2004. Guðbergur fékk Riddarakross Afreksorðunnar frá Spánarkonungi.

Árið 1994 var frumsýnt leikrit eftir Viðar Eggertsson sem hann skrifaði upp úr Tanga-bókum Guðbergs, "Það sefur í djúpinu", "Hermann og Dídí" og "Það ris úr djúpinu". Viðar leikstýrði sýningunni sjálfur og fékk Menningarverðlaun DV 1995 fyrir hvort tveggja. Þjóðleikhúsið sýndi verkið sem nefndist Sannar sögur af sálarlífi systra.

Vissir þú að ?

- * ...Hafnir skiptast í þrjú hverfi Kirkjuvogshverfi, Merkines og Kalmannstjörn.
- *... Haraldur Böðvarsson byrjaði sína fyrstu útgerð að Hólmabúðum undir Stapanum.
- * ...í Krosshúsum í Grindavík lauk Halldór Laxnes við Sölku Völkum
- * ... Keilisnes er syðsti hluti Faxaflóans.
- * ... Í mars árið 1931 strandaði franskur togarinn Cap Fagnet í Hraunsfjöru við Grindavík. Þá bjargaði björgunarsveitin Þorbjörn 38 skipverjum í land með fluglínutækjum og björgunarstól. Það var í fyrsta sinn sem slíkri aðferð var beitt á Íslandi.

Fróðleikur fengin af vef leiðsögumanna á Suðurnesjum.

Starfslaunin listamanna ekki aðeins fyrir Íslenska ríkisborgara .

Troðningi lék forvitni á að vita hvort íslensku starfslaunin sem ríkið veitir árlega til listamanna væru bundin því að þau væru veitt eingöngu til listamanna sem hefðu íslenskt ríkisfang ? Svar hefur nú borist og ljóst er að hver sem er, frá hvaða landi sem er, getur sótt um þau og fengið. Viðkomandi þarf ekki einu sinni að hafa búsetu á Íslandi. Það er því ljóst að íslenskir listamenn, hvort sem þeir eru rithöfundar, myndlistamenn, hönnuðir eða leiklistamenn eiga ekki lengur tilkall til þessara veitinga lengur. Samkvæmt úrskurði frá menntamálaráðuneytinu sem hér fylgir á eftir er nóg ef erlendur myndlistamaður sýnir hér á landi eða myndar einhver tengsl, þá á sá jafnan rétt og þeir er starfa hér og búa á landinu.

Sama er um rithöfunda. Ef erlendur rithöfundur skrifar bók hér á landi, hún hugsanlega þýdd yfir á Íslensku þá á hann sama rétt og íslenskir rithöfundar sem hér búa og stunda sín ritstörf o.s.fr.

Til þess að taka af allan vafa leitaði stjórnin álits hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Álit ráðuneytisins fylgir hér á eftir:

“Í lögum nr. 57/2009 svo og forvera þeirra laga kemur ekki fram bein krafa um íslenskt ríkisfang. Hins vegar kemur fram í 1. gr. laganna að tilgangur starfs-launa sé að efla listsköpun í landinu. Af því má væntanlega draga þá ályktun að starfslaunin séu veitt listamönnum sem leggja af mörkum í því skyni. Listamaður sem hefur gert það með virkri þátttöku þó að hann beri erlent ríkisfang ætti því væntanlega að geta komið greina. Það er síðan úthlutunarnefnda að setja nánari viðmið og vega og meta verkefnið sem sótt er um með tilvísan til efnis 1. gr. sem nefnt er hér að framan þar sem um samkeppnissjóði er að ræða.”

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við álit ráðuneytisins.

F.h. stjórnar listamannalauna,

Húmor í myndlist !



Húmor eða spé er ákaflega sjaldséð í myndlist. Einhverra hluta vegna lítur myndlistin á sig mjög alvarlegum augum ! Gæti verið að myndlistin og leiklistin eigi það sameiginlegt að það sé ekki nógu “fínt” að vera húmoristi í listgreininni ? Allavega hefur maður heyrt þetta viðhorf innan leiklistarinnar ? Samt er húmor gríðarlega sterkt verkfæri í

höndum listarinnar / tjáningarinnar. Í bókmenntum er þetta óspart notað ef menn vilja vera með hvassa gagnrýni á málefni eða tíðarandann. Revíu formið er t.d vel þekkt í leikhúsum sem beitt form en um leið er höfðað til skemmtunar


og húmors. Ég man ekki eftir að hafa séð eina einustu myndlistarsýningu hér á landi sem tileinkuð hefur verið húmor og þá ekki heldur sem húmoríska gagnrýni. Eins og í svo mörgu öðru sem snýr að list og listsköpun er úti í hinum stóra heimi mun jákvæðari viðhorf fyrir þess konar hugmyndum og gjörningum.

Ef við leyfum okkur að setja grafíska hönnun og auglýsingagerð undir listformið þá er oft í grafískri hönnun / auglýsingagerð húmorísk framsetning. Til er t.d mikið af mjög skemmtilegum plakötum, vörुकynningum og almennum auglýsingum þar sem leggja á áherslu á einhvern hlut aða atburð.

Allir þekkja til skopmyndateignara. Sú aðferð eða tjáning er feikilega beitt og dagböð notast mjög mikið við skopteignara. Einnig er gríðarlegur fjöldi til af allskonar tímaritum og sér útgefnum blöðum með

skopteikningum. Sjaldnar er að maður sjái sýningar sem sérstaklega eru tileinkaðar skopteikningum, en eru þó oftast en hitt.


Það er því alveg ljóst að húmor er til innan myndlistarinnar. En er miklu minna notaður en ætla mátti vegna hversu beittur hann getur verið. Kannski hefur það að gera með það að sýningastjórar eða safnstjórar eru húmorslausir og telji það til lágkúru að sýna list með múmor ? Gæti verið ?



Svona veist þú að þú ert listamaður ? :))

- Ef þú hefur reynt að líkja eftir dökkbrúna umber litnum í mynd í Play boy - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú hefur skafið undan nöglunum með pallettu hníf - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú velur vínið í vínbúðinni eftir útliti flöskunnar til að nota í næstu “still life” mynd - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú ferð í megrun til að mála portred mynd af sjálfum þér grennri en þú ert - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú notar penslana þína til að þrifa kaffibollann þinn - þá ertu sennilega listamaður.
- Og ef þú finnur ekki aukabragð af kaffinu - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú hefur drukki skolvatnið af penslunum - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef það hefur hvarflað að þér að ramma inn lita pallettuna sem mynd - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú hefur málað abstract mynd og uppgötvað að hún er betri ef hún snýr öfugt - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef myndlist höfðar meira til þín en kynlíf - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef myndin var miklu betri í byrjun en hún er núna - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú breytir nafninu þínu á myndinni oftast en fimm sinnum á einu ári - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú hefur valið að fara að mála, frekar en að þrifa klósettið - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú getur stafað orðið phthalocyanine - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú hefur sprengt loftbólur þegar þú ert að vatnslita - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú hefur blandað saman olíulit og acryllit - þá ertu sennilega listamaður.
- Ef þú hefur keypt kekkjaðan hvítan lit - þá ertu sennilega listamaður.

Póstkortid !



**N'ICELAND
BUT
EXPENSIVE !**

Þetta póstkort var gefið út 1994 af útgefenda Troðnings. Kortið var gríðarlega vinsælt hjá erlendum ferðamönnum og kláraðist á örskömmum tíma. Það var aðeins gefið út einu sinni. Myndin á kortinu er af höfundi og tekin út í Amsterdam, Hollandi, af Spessa.

Einn al frægasti myndlistamaður í hinum vestræna heimi notaði dulnefnið R.Mutt (hans rétta nafn er Marcel Duchamp f: 1887 - d: 1968) þegar hann 1917 sýndi hlandskálina. Gríðarlegur fjöldi nútíma myndlistarmanna eru undir miklum áhrifum frá þessum mikla snilling. Til eru óendanlegar útfærslur á hlandskálinni eftir myndlistarmenn út um allt. Þó held ég að engin íslenskur myndlista maður eigi enn þann heiður, svo ég viti ?

Hér eru nokkrar myndir af útfærslum



Hafmeyin í Grindavík

Það var nálægt 1705 er Sigurður prestur Eyjólfsson hélt Stað í Grindavík að skip það er prestur átti lét úr vörum til fiskifangs og renndi færur á svokölluðu Þórkötlumiði. Ormur hét stjórnbítamaður er réði næst formanni; hann var forsöngvari að Stað. Þeir draga þegar nægan fisk. En þá sjá þeir allt í einu hvar skýst upp úr sjónum kvenmaður með nýgreitt og slegið hár. Logn var og sléttur sjór sem rjómatrog. Sjá þeir að það er hafmey. Hún sest þegar á marflötinn og horfir að skipi. “Sjáið piltar! Hún er að hagræða sér til söngs,” segir formaður, “en illt er að fara strax frá góðum fiski í land. Hvað segið þið, piltar?”

Andþófsmaður svarar: “Öllu er óhætt meðan hún þegir.”

Drógu menn nú af kappi fiskinn. En þá hóf markvendi þetta sönginn og reri sér yndislega en söngur hennar hreif skipverja með því seiðandi töframagni að þeir urðu allir að hætta að draga. Doðnaði þegar yfir flestum smám saman uns allir voru fallnir í svefndvala nema Ormur forsöngvari.

Hann tók það til ráðs að syngja líka og byrjaði á einu laginu eftir annað og söng hafmeyjan hvert lag til enda með honum. Þetta gekk lengi dags. Fór Ormi þá ekki að lítast á gamanið því nú var hann loks að þrotum kominn með lögin sem hann kunni. En þá hugkvæmdist honum að syngja Pater noster. Byrjaði hann þá á því. Þá þagnaði hafmeyjan loksins, brá upp annarri hendinni og seig loðbeint niður í sjóinn.

Ormur kallaði þá til skipverja og bað þá heim róa, sagði að nú væri hafmeyjan fagra loksins unnin og sigin í sæ. Höfðu þeir þá verið búnir að sofa lengi og allir þeir sem þá voru á sjó voru komnir í land fyrir löngu og búnir að setja skip sín í naust. Skipverjar tóku þá geystan róður í land. Þökkudu þeir Ormi lífgjöf sína og lofuðu hann

fyrir þrótt hans, kunnáttu og dirfsku. Varð hann frægur fyrir þennan söng. Klerkur hélt og til hans þakkarræðu fyrir mannbjörg þessa.

Ári síðar geisaði Stórabóla hér yfir land og felldi mikinn mannfjölda til moldar. Var talið víst að hafmeyjan hefði boðað hana fyrir því marbúar birtast helst á undan stórtíðindum. Þetta sama skip fórst í sjóhrakningi með allri áhöfn nokkrum árum síðar. Fórst Ormur á því og þótti að honum mannskaði mikill.

SIGFÚS IV 14, HULDUFÓLK 136



LOUISIANA
MUSEUM OF
MODERN ART

- / BESÖG LOUISIANA
- / UDS STILLINGER
- / SAMLINGEN
- / LOUISIANA LIVE
- / AKTIVITETER
- / KONCERTER
- / BØRNEHUS
- / LOUISIANA KLUBBEN
- / BUTIK
- / CAFÉ

/ ORGANISATION
/ UNDERVISNING
/ PRESSE

KALENDER

Private View - Tro, håb & k...
30.01.2010

Søndagsværksted: Louisianas...
31.01.2010


Gratis omvisning: Tro, Håb ...
02.02.2010

Se flere arrangementer >

TILMELD NYHEDSBREV

KØB BILLET

FIND VEJ



JACOB HOLDTS AMERIKA
LOUISIANA
02.10.09-07.02.10

ÅBNINGSTIDER

TIRS-FRE 11-22
LØR-SØN 11-18
HELLIGDAGE 11-18
MAN LUKKET

VIL DU VIDE HVAD OG HVORNÅR?

1+1
DEL DINE
LOUISIANA GLÆDER

<http://www.louisiana.dk/dk> - Listasafn



Björgunarsveitin Suðurnes
Harðsnúlið líð í þína þágu

Innri vefur

Kennitala

.....

Innskrá

Sækja um aðgang

- Fréttir
- Um sveitina
- Flokkar
- Unglingadeildin Klettur
- Dagbók
- Svæðisstjórnun
- Krækjur
- Myndasafn
- Fréttamiðlar

Forsíða >

Fjallaflokkur

Fyrsta hjálp

Leitarhundar

Sjöflokkur

Tækjaflokkur

22. janúar 2010

Gott að vera kominn heim en færi út aftur á morgun ef ég yrði bedinn.

Síðstu dagar hafa verið eins og að vera staddur í fréttabætti frá CNN, fastur í eynd, dauða og hryllingi.

Hvað fær fjölskyldumann frá Keflavík til að standa upp úr þægilega sófanum, slökkva á flatskjánum og þakka í tösku og fara á eitthvert allra mesta hamfararsvæði síðustu 300 ára. Þessu velta margir fyrir sér. Í mínum huga er þetta einfalt, ég er björgunarsveitamaður. Þegar kallid kemur stendur maður upp sama hvort það er á aðfangagagskvöld klukk...Lesa Meira



Veður og sjólag



UNGLINGAEILDIN



KLETTUR

Kvinnasveitin



Dagbjörg

SÍLSAVARNARFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG



14. janúar 2010

Halli og Dóri á Haiti

Tveir björgunarsveitarmenn úr Reykjanesbæ eru við björgunartörf þessa stundina á



13. janúar 2010

Tveir frá Björgunarsveitinni Suðurnes fara til Haiti

Flugvél Ícelandair fer frá Keflavíkflugvelli þína klukkan





SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík



bodi

<http://www.bjsudurnes.is/> - Björgunarsveit Suðurnesja

Whats on...

Helstu listasöfnin er nú komin í fullan gang með árið 2010. Troðningur heimsótti heimasíður safnanna og skoðaði hvað boðið er uppá og hvað sé væntanlegt.

Hafnarborg í Hafnarfirði:

Verk Ragnars Kjartanssonar, The End eða Endalokin, sem var framlag Íslands til Feneyjvatværingisins 2009 verður sýnt í Hafnarborg í janúar - febrúar 2010.

Í Sverrissal er sýningin Ljósbrottur.

Ljósbrottur Ingunnar Fjólú Ingbórsdóttur (f. 1976) er innsetning sem hún vinnur í Sverrissal Hafnarborgar. Verkið er gert sérstaklega fyrir þessa sýningu og rými salarins látið móta mörk og innri byggingu þess.

Væntanlegar sýningar í Hafnarborg:

13. mars - 02. maí 2010

Í barnastærðum

Sýning á valinni hönnun eftir íslenska og erlenda hönnuði sem hefur mótað heim barna. Áhersla er á þrívíða hönnun, leikföng og húsgögn, einkum hluti sem hafa notagildi fyrir börn og eru hannaðir út frá þörfum þeirra með þeirra hugmyndaheim í huga.

08. maí - 20. júní 2010

Erling Klingenberg

Listasafn Reykjavíkur.

Hafnarhús:

D15 Dodda Maggý

15. Janúar - 21. febrúar 2010

Lucy nefnist myndbands- og hljóðinnsetning Doddu Maggýjar (1981) sem er 15. listamaðurinn til að sýna í D-salar verkefninu.

Erró - Geimfarar

15. janúar—14. mars

Upptekinn af útrás mannsins út í himingeiminn beinist athygli Errós á átunda áratugnum sérstaklega að geimferðum og geimförum.

Ljóslitlífun

15. Janúar — 11. Apríl 2010

Litagleði og sjálfsprottin form einkenna málverk hinna ungu, íslensku myndlistarmanna sem eiga verk á sýningunni.

Erró – Mannlýsingar

28. Maí 2009 – 29. Ágúst 2010

Árið 2009 verður helgað glæsilegri listaverkagjöf sem Erró færði Reykjavíkurborg árið 1989, eða fyrir tuttugu árum síðan.

Kjarval í Kjarvalsstöðum– Innsýn Skjaldmeyjar og hugarfley

30. Janúar – Apríl 2010



Teikningar og skissur í Kjarvalssafni Listasafns Reykjavíkur nema þúsundum. Listasafn Reykjavíkur hefur undanfarið misseri fært þær í rafrænt form með það fyrir augum að gera rannsóknarvinnu á verkum hans auðveldari og til að skoða nánar ákveðin viðfangsefni í verkum hans.

Ásmundarsafn

Rím - Verk Ásmundar Sveinssonar og listamanna samtímans

2. maí 2009 – 30. apríl 2010

Ásmundur Sveinsson myndhöggvari var 20. aldar maður mótaður af 19. öldinni. Hann átti sér mörg viðfangsefni í listinni, mörg þeirra sótt í arfleifðina og þann tíðaranda sem skóp hann en önnur í framtíðina, tæknina og vísindin.



Gerðarsafn í Kópavogi:

Á sýningunni eru verk Gerðar Helgadóttur og munir, sem hönnuðir hafa unnið með hliðsjón af verkum Gerðar á síðastliðnum áratug.

24. nóvember - 28. febrúar 2010

Allir salir. Frá 12. feb. neðri hæð sýning frá barnadeildum

Myndlistaskóla Kópavogs.

Gerðarlegt í Gerðarsafni. Verk Gerðar Helgadóttur. Nýir og eldri munir í safnbúð. Sýning frá barnadeildum Myndlistaskóla Kópavogs frá 12. febrúar.

6. mars – 2. maí Mynd ársins 2009. Árleg ljósmyndasýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands. Þorvaldur Örn Kristmundsson

8. maí – 20. júní Hafsteinn Austmann – Yfirlitssýning

27. júní - 15. ágúst Sumarsýning

21. ágúst - október Samsýning nýútskrifaðra myndlistarmanna. Sýningarstjóri Birta Guðjónsdóttir

Listasafn Íslands.

CARNEGIE ART AWARD 2010 - 9.jan. - 21.febr. 2010

Salir 1-4

Carnegie Art Award eru meðal veglegustu myndlistarverðlauna heims.

Aðalverðlaunin, sem nema um einni milljón sænskra króna, voru í ár veitt íslenska listamanninum Kristjáni Guðmundssyni.

MYNDIR AF VINNUSTÖÐUM KARLA 13.3. - 11.4. 2010 Ívar

Brynjólfsson

ANGURVÆRÐ Í MINNI 13.3. - 2.5. 2010 Amelie von Wulffen, Birgir

Snæbjörn Birgisson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Helgi Hjaltalín

DYNDILYNDI - VERÐI GJAFJA GAGNSTREYMI 19.4. - 2.5. 2010

Listahátíð barna / Myndlistarskólinn í Reykjavík

CINDY SHERMAN - Ónefnd kvikmyndaskot 14.5. - 5.9. 2010

EDVARD MUNCH 15.5. - 5.9. 2010

Listasafn ASÍ

6. TIL 28. FEBRÚAR 2010

GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR - Að muna sinn fífil fegurri

AÐ MUNA SINN FÍFIL FEGURRI er heiti á sýningu Guðrúnar Gunnarsdóttur í Listasafni ASÍ. Sýningin er unnin út frá fíflum þ.e.a.s. blómunum fíflum, latneska heitið á túnfífla er *Taraxacum Weber*.

6. TIL 28. FEBRÚAR 2010




GUÐMUNDUR INGÓLFSSON - LJÓSMYNDIR

Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari (fæddur 1946) hlaut menntun sína í Þýskalandi á árunum 1968-71, en hefur starfað á eigin vegum í Reykjavík frá 1972. Myndirnar sem hann sýnir í Listasafni ASÍ í boði Guðrúnar Gunnarsdóttur eru úr syrpu ljósmynda af rýmum sem hann hefur ljósmyndað frá árinu 1993, flestar úr lýsis- eða olíutönkum frá ýmsum stöðum á landinu.

6. til 28. mars 2010

Sigríð Valtingoer - Þögul spor

Sigríð fæddist 1935 í Tékklandi en ólst upp í Þýskalandi þar sem hún lærði hönnun í Frankfurt/Main. Til Íslands flutti hún 1961 og hefur Sigríð því búið og starfað hér á landi í næstum 50 ár. Hún er menntuð í grafík við Myndlista- og handíðaskólann og kenndi við sama skóla á árunum 1986 til 2001. Sigríð Valtingoer hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar víða um heim. Verk hennar eru í eigu evrópskra, japanskra og bandarískra safna og á Íslandi má m.a. finna verk eftir hana í Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur. Á sýningunni í Listasafni ASÍ sýnir Sigríð ný og eldri grafíkverk ásamt ljósmyndum.



Nettímarit

Troðningur

8. tbl. 2010



www.1og8.com